

72 p. m. allramildilegast að samþykkja, að selja megi kirkjujörðina Hörgsdal tilheyrandi 30. júní. Helgastaðaprestakalli í Skútustaðahrepp í Þingeyjarsýslu í norður- og austurumdæmi Íslands að jarðaskiptum fyrir jörðina Laugasel í Helgastaðahrepp sama staðar, þannig að hin fyrnefnda jörð sje framvegis álitin sem bændaeign með tilliti til allra gjalda, en aptur á móti sæti hin síðarnefnda jörð sömu kjörum, sem aðrar kirkjujarðir.

Þetta er hjer með þjónustusamlega tjáð yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.

Auglýsing.

73 12. júlí. Í júlímánuði 1879 fór gufuskipið *Jeanette* frá vesturheimi til norðurlandsins og hefir síðan ekkert til þess spurzt. Það hafði reiða eins og barkskip, bar 420 registertons, risti fremur djúpt og var langt til að sjá. Það var skarpt í botninum, kinnungarnir að framan lagðir með þykum járnlangjum, há káhetta aptan á skipinu.

Hafi nokkur orðið var við þetta skip eða brot úr því, er hann beðinn að senda hingað sem fyrst skýrslu um það, og hefir stjórn Bandaríkjanna í vesturheimi heitið verðlaunum fyrir sjerhverja þá fregn, sem getur leitt til að fá áreiðanlega vissu um, hvað orðið hefir af skipinu.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 12. júlí 1881.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.

74 15. júlí. — Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um styrktarsjóð Örms og Wulffs. — Með brjefi frá 18. júlí 1874 var yður, herra landshöfðingi, send staðfesting konungs á gjafabrjefi Örms og Wulffs í minningu 1000 ára hátíðar Íslands og var með því stofnaður 3000 kr. styrktarsjóður handa Suðrurþingeyjar og Norður- og Suðurmúlasýslum, er heitir «styrktarsjóður Örms og Wulffs».*

Í sambandi hjer við er nú sendur reikningur fyrir innstæðu styrktarsjóðsins og mun þóknanlega sjást af honum, að sjóðurinn nú á 4000 kr. í konunglegum 4% skulda-brjefum og 20 kr. 75 a. í peningum, þannig að skilyrðin í 4. gr. skipulagsskrárinnar fyrir, að styrktarsjóðurinn komist í fullt gagn, nú eru fyrir hendi. Ráðgjafinn hefir því hlutast til um, að skulda-brjefin hafi verið rituð í bækur fjárhagsstjórnarinnar sem eign hins nefnda sjóðs þannig, að vextirnir greiðist í júnígjaldþaga ár hvert úr jarðabókar-sjóði Íslands til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, og hafa þar að auki hinar nefndu 20 kr. 75 a. verið greiddar í aðalfjehirsluna gegn útborgun á sömu upphæð úr jarðabókar-sjóði Íslands. Um leið og viðkomandi innritunar-skirteini litra G. fol. 1130 að upphæð 4040 kr. nú er sent yður, skal þjónustusamlega skorað á yður að afhenda það amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu, og að hlutast til um að fyrnefnd peningaupphæð, 20 kr. 75 a., verði greidd honum, svo að hann í sameiningu við verzlunarstjóra Örms og Wulffs í Húsavík geti samkvæmt 3. gr. skipulagsskrárinnar tekið að sjer stjórn sjóðsins.

75 15. júlí. — Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um giptingarleyfi. — Með þóknanlegu brjefi frá 30. marz þ. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað allra

*) Skipulagsskrá þessa sjóðs er prentuð í stjórnartíðindum 1875 B. 25. bls. 24—25.